

Ísland í evrópsku upplýsingasamfélagi

Icelandic Information Society in a European context

Samantekt

Tölvur og internettengingar er að finna á hlutfallslega fleiri heimilum hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. Árið 2005 voru nærri níu af hverjum tíu heimilum hér á landi með tölvu og 84% höfðu aðgang að interneti. Að meðaltali voru 58% heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins með tölvu og rétt tæpur helmingur gat tengst interneti þetta sama ár. Notkun tölvu og internets er að sama skapi útbreidd meðal einstaklinga hér á landi en árið 2005 notuðu 88% Íslendinga á aldrinum 16–74 ára tölvu og 86% þeirra notuðu internet. Á sama tíma notuðu 59% íbúa Evrópusambandsins tölvu og 52% þeirra notuðu internet.

Internet er nánast óþrjótandi upplýsingabrunnur um allt milli himins og jarðar og gefur einstaklingum um leið færi á að nýta þessar upplýsingar sér til hagsbóta. Aðeins hluti hóps eða þjóðar tileinkar sér notkun á upplýsingatækni og interneti og hefur þar af leiðandi aðgang að þeim upplýsingum og tækifærum sem internetið býður upp á. Talað er um *stafrænna aðgreiningu* (e. *Digital Divide*) í þessu sambandi. Kannanir Hagstofunnar gefa til kynna að stafræn aðgreining sé minni hér á landi en annars staðar í Evrópu.

Markmið þessa rits er að taka saman niðurstöður um notkun heimila og einstaklinga á upplýsingatækni og interneti í löndum Evrópu. Samantektin byggir að mestu leyti á niðurstöðum úr samræmdum könnunum sem gerðar hafa verið í aðildarlöndum Evrópusambandsins¹, Íslandi og Noregi sem og í Búlgaríu, Makedóníu, Rúmeníu og Tyrklandi.

Inngangur

Heimildir

Efni þessa rits eru að stærstum hluta fengið úr gagnabanka Eurostat um upplýsingasamfélagið. Gagnabankinn er öllum opin á slóðinni: <http://europa.eu.int/comm/eurostat>. Tölurnar voru sóttar í gagnabankann í desember 2005. Að auki var stuðst við skýrsluna *Nordic Information Society Statistics 2005*, sem gefin var út í desember síðastliðnum af hagstofum Norðurlandanna í samvinnu við Norræna ráðherraráðið. Skýrsluna má nálgast í heild sinni á vefsíðu Hagstofu Íslands undir liðnum *Upplýsingatækni*.

Samanburðarhæfar niðurstöður

Um nokkurra ára skeið hafa hagstofur á EES-svæðinu gert árlega kannanir á notkun á upplýsingatækni. Árið 2004 var sett reglugerð sem skyldar öll aðildarríki EES-svæðisins að gera slíkar kannanir. Við framkvæmdina er notaður samræmdur spurningalisti og samræmd aðferðafræði og ættu niðurstöður því að vera fyllilega samanburðarhæfar.

¹ Aðildarlönd Evrópusambandsins eru: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.




Tölvur og internet á heimilum

Níu af hverjum tíu íslenskum heimilum með tölvu

Nærri níu af hverjum tíu heimilum hér á landi eru með tölvu á meðan hlutfallið er 58% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Þar er algengast að heimili í Lúxemborg (87%), Danmörku (84%), Svíþjóð (80%) og Hollandi (78%) séu með tölvu. Sjaldgæfast er að heimili í syðri og eystri hluta Evrópu séu með tölvu, en árið 2005 hafði um þriðjungur heimila í Grikklandi (33%), Litháen (32%), Tékklandi (30%) og Lettlandi (30%) tölvu. Árið 2004 voru hins vegar enn færri heimili í Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklandi með tölvu eða á bilinu 10–15% þarlendra heimila (mynd 1).

Mynd 1. Hlutfall heimila með tölvu 2005

Figure 1. Percent of households with a computer 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. *Data from year 2004.*

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. *Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.*


Norðurlöndin raða sér á meðal níu efstu

Í byrjun árs 2005 var hvergi í Evrópu jafn algengt að heimili væru með tengingu við internet eins og hér á landi. Þá gátu 84% íslenskra heimila tengst interneti. Næstalgengast var að finna nettengd heimili í Hollandi (78%), Lúxemborg (77%), Danmörku (75%) og Svíþjóð (73%). Norðurlöndin fimm raða sér meðal níu efstu þjóða Evrópu, þegar hlutfall heimila með tengingu við internet er skoðað en árið 2005 var hlutfall norskra heimila með tengingu við internet 64% og í Finnlandi voru 54% heimila nettengd. Að meðaltali gat um helmingur heimila í Evrópu-sambandinu tengst interneti árið 2005. Nokkuð mörg Evrópulönd eru undir meðaltali ES-rikkjanna 25, meðal annars Spánn, Frakkland og Kýpur, þar sem um

þriðjungur heimila er nettengdur. Minnst er um nettengd heimili í Makedoníu, Búlgaríu, Tyrklandi og Rúmeníu (mynd 2).

Mynd 2. Hlutfall heimila með tengingu við internet 2005

Figure 2. Percent of households with a connection to the Internet 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. Data from year 2004.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Aðrar ástæður hér á landi fyrir því að heimili er ekki nettengt

Í könnun Hagstofunnar á notkun heimila og einstaklinga á upplýsingatækni og interneti árið 2005¹ kom í ljós að á helmingi þeirra heimila sem ekki eru nettengd telst internetið vera óæskilegt. Á fimmtungi heimila telst internetið vera of flókið og á einu af hverjum tíu heimila sem ekki hafa internettengingu er kostnaður við tengingu eða tækjabúnað talinn vera of hár. Niðurstöður úr könnunum fjórtán Evrópulanda árið 2004 sýndu hins vegar að í þeim löndum setti fólk helst fyrir sig tækja- og tengikostnað og hversu flókinn miðillinn væri².

Þrjú af hverjum fjórum nettengdum heimilum hér á landi með hraðvirkar tengingar

Á síðastliðnum árum hefur háhraðatengingum fjölgað mikið hér á landi sem og annars staðar í Evrópu. Árið 2005 voru þrjú af hverjum fjórum nettengdum heimilum á Íslandi með hraðvirka tengingu við internet. Á sama tíma voru átta af


¹ Sjá niðurstöður í heild sinni á vef Hagstofunnar www.hagstofa.is.

² Heimild: Demunter, Christophe (2005, október). *Statistics in focus* 38/2005, útgefið af Eurostat. Löndin fjórtán eru: Austurríki, Danmörk, Grikkland, Holland, Kýpur, Lettland, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tyrkland og Ungverjaland.

hverjum tíu nettengdum heimilum í Belgíu og 77% nettengdra heimila í Eistlandi með hraðvirkar internettengingar. Að meðaltali voru 46% nettengdra heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins með hraðvirkar tengingar við internet. Minnst var um að nettengd heimili í Grikklandi og Tyrklandi hefðu hraðvirkar tengingar við internet eða einungis 3% (mynd 3).

Mynd 3. Heimili með hraðvirka internettengingu 2005

Figure 3. Households with a broadband connection to the Internet 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. Data from year 2004.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005 Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

Hvað er að vera tölvu- eða internetnotandi?

Tölvu- og internetnotendur teljast þeir vera, sem notað höfðu tölvu eða internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar.

Norðurlandabúar einna mestu tölvu- og internetnotendur Evrópu


Mun algengara er að íbúar norðvesturhluta Evrópu noti tölvu og internet en aðrir Evrópubúar. Sér í lagi virðist notkunin vera úbreidd á Norðurlöndunum en árið 2005 notuðu ekki færri en þrír af hverjum fjórum Norðurlandabúum á aldrinum 16–74 ára tölvu og internet. Notkunin er útbreiddust hér á landi, þar sem nærri níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16–74 ára nota tölvu og 86% nota internet (myndir 4 og 5).

Sjaldgæfast að Tyrkir og Rúmenar noti tölvu

Að meðaltali notuðu sex af hverjum tíu íbúum Evrópusambandsins tölvu í byrjun árs 2005. Af aðildarlöndunum er algengast að íbúar Svíþjóðar (84%), Hollands (83%) og Danmerkur (81%) noti tölvu en sjaldgæfast að íbúar Írlands (41%), Portúgal (40%) og Grikklands (29%) noti tölvu. Í Evrópu var minnst um tölvu-notendur í Tyrklandi og Rúmeníu eða 16–17%¹ (mynd 4).

Mynd 4. Tölvunotkun einstaklinga 2005

Figure 4. Individuals' use of a computer 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. Data from year 2004.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Annar hver íbúi Evrópusambandsins notar internet


Á Norðurlöndunum og í Hollandi nota að minnsta kosti þrír af hverjum fjórum einstaklingum á aldrinum 16–74 ára internet og er notkunin algengust meðal Íslendinga þar sem 86% notuðu internet í byrjun árs 2005. Ríflega annar hver íbúi Evrópusambandsins á aldrinum 16–74 ára notar internetið og er notkun netsins nokkru algengari í nyrðri hluta Evrópu heldur en þeim syðri. Einn af hverjum þremur íbúum Póllands, Litháens, Ítalíu, Írlands, Tékklands, Portúgal og Kýpur notar internet en sjaldgæfast er að íbúar Tyrklands og Rúmeníu noti internetið eða 12–13%² (mynd 5).

¹ Tölur yfir tölvunotkun í Danmörku, Írlandi, Tyrklandi og Rúmeníu eru frá 2004.

² Tölur yfir internetnotkun á Írlandi, í Tyrklandi og Rúmeníu eru frá 2004.

Mynd 5. Internetnotkun einstaklinga 2005

Figure 5. Individuals' use of the Internet 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. Data from year 2004.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Hvað er stafræn aðgreining?

Eins og flestum er ljóst má nálgast á interneti ógrynni upplýsinga um allt milli himins og jarðar. En þó svo að internetnotendum hafi fjölgað mikið á síðastliðnum áratug eða svo eru það ekki nema um 10% jarðarbúa sem hafa aðgang að miðlinum. Hugtakið *stafræn aðgreining* (e. *Digital Divide*) vísar til þeirrar gjár eða þess bils sem myndast milli þeirra sem hafa tileinkað sér notkun upplýsingatækni og internets og hafa þar af leiðandi aðgang að þessum upplýsingum og þeim tækifærum sem þær veita og þeirra sem engan aðgang hafa. Mælingar hafa til dæmis leitt í ljós að konur hafa síður tileinkað sér notkun upplýsingatækni og internets en karlar. Kannanir hafa þó sýnt að veigamestu áhrifaþættirnir eru aldur og menntun einstaklingana. Þannig er yngra fólk líklegra til að hafa aðgang að upplýsingatækni og notfæra sér hana en þeir sem eldri eru og að sama skapi eru þeir sem hafa lengri skólagöngu að baki líklegri til að hafa aðgang að upplýsingatækni og notfæra sér hana en þeir sem styttri skólagöngu hafa¹.

Konur nota internet síður en karlar en bilið minnkar stöðugt

Bilið milli kynjanna er að minnka þar sem konur eru fjölmennari í hópi nýrra internetnotenda en karlar. Niðurstöður kannana ársins 2005 á reglubundinni notkun

¹ Sjá m.a. Compaine, Benjamin M. (ritstj.) (2001). *The Digital Divide. Facing a Crisis or Creating a Myth?* The MIT Press: Cambridge.

internets (notkun a.m.k. einu sinni í viku) sýna að meðaltali 10 prósentustiga mun milli notkunar kynjanna í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Mestur var munurinn í Lúxemborg eða 25 prósentustig. Í Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu, Noregi, Spáni og Þýskalandi lá þessi munur á bilinu 10–15 prósentustig. Hér á landi var munur milli notkunar kynjanna hins vegar einungis þrjú prósentustig en árið 2005 notuðu 82% íslenskra karla internetið a.m.k. einu sinn í viku á móti 79% íslenskra kvenna (sjá nánar í töflu 4).

Aldur afgerandi þáttur varðandi notkun internets

Mun algengara er að yngra fólk hafi tileinkað sér notkun internets en þeir sem eldri eru. Mikill meirihluti norrænna einstaklinga yngri en 45 ára notar internet að staðaldri eða á bilinu 75–95%. Í Evrópusambandslöndunum eru það helst einstaklingar yngri en 25 ára sem nota internet að staðaldri eða 68% (mynd 6).

Meðal einstaklinga í aldurshópnum 45–54 ára liggur reglubundin notkun internets á Norðurlöndum á bilinu 65–78%, þar sem algengast er að fólk á þessum aldri noti internet á Íslandi. Í Evrópusambandinu er notkun þessa aldurshóps hins vegar að meðaltali 39% (mynd 6).

Algengast er að einstaklingar á aldrinum 55–64 ára noti internet í Svíþjóð eða 68%. Hér á landi nota 61% einstaklinga á aldrinum 55–64 ára internet að minnsta kosti einu sinni í viku, í Finnlandi er hlutfallið 65%, í Danmörku 58% og í Noregi 55%. Í Evrópusambandinu er það þó nokkru lægra en á Norðurlöndum en að meðaltali notar fjórði hver íbúi sambandsins á aldrinum 55–64 ára internet að staðaldri.


Það er líkt með Evrópusambandinu og Norðurlöndum að notkun internets er sjaldgæfust meðal einstaklinga í elsta aldurshópnum. Einn af hverjum tíu íbúum Evrópusambandsins á aldrinum 65–74 ára notar internet að staðaldri. Á Norðurlöndum liggur notkun þessa hóps á bilinu 13–36%, og er hún lægst í Finnlandi en hæst á Íslandi (mynd 6).

Minni munur á elsta og yngsta aldurshópnum hér á landi heldur en í Evrópusambandinu

Stafræn aðgreining með tilliti til aldurs er því minni hér á landi en í Evrópusambandinu. Þannig var internetnotkun hér á landi þrisvar sinnum algengari meðal einstaklinga í yngsta aldurshópnum en þeim elsta en í Evrópusambandinu var tæplega sjö sinnum algengara að einstaklingar í yngsta aldurshópnum notuðu internet en þeir sem elstir voru (mynd 6).

Mynd 6. Einstaklingar sem nota internet að staðaldri eftir aldri 2005

Figure 6. Individuals' regular use of the Internet by age 2005



Skýring Notes: Með notkun að staðaldri er átt við notkun internets a.m.k. einu sinni í viku. Regular use means at least once a week.


Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Algengast að háskólamenntaðir Evrópubúar noti internet að staðaldri

Niðurstöður samræmdra kannana styðja kenninguna um að lengd skólagöngu einstaklinga hafi áhrif á notkun upplýsingatækni og internets. Líkt og fyrri ár var reglubundin notkun internets (notkun a.m.k. einu sinni í viku) árið 2005 minnst meðal þeirra sem stysta skólagöngu höfðu en mest meðal þeirra sem lokið höfðu háskólaprófi. Í löndum Evrópusambandsins notaði fjórði hver einstaklingur með stystu skólagönguna internet að staðaldri árið 2005, rétt tæplega helmingur einstaklinga sem lokið höfðu stúdentsprófi eða iðnnámi og ríflega sjö af hverjum tíu einstaklingum með háskólapróf. Það ár var reglubundin notkun internets nokkuð algengari á meðal Norðurlandabúa með stystu skólagönguna eða frá 43% í Noregi til 71% á Íslandi. Notkun eykst samhliða aukinni menntun en árið 2005 notuðu á bilinu 60–73% Dana, Finna, Norðmanna og Svía með stúdentspróf eða iðnnám að baki internet. Í þessum hópi var notkunin mest meðal Íslendinga eða 82%. Jafnt á Norðurlöndum sem og í Evrópusambandinu er algengast að einstaklingar með háskólapróf noti internet að staðaldri. Í Evrópusambandinu notuðu tæplega þrjú af hverjum fjórum háskólamenntuðum einstaklingum internet árið 2005. Í Finnlandi var hlutfallið 85%, í Danmörku 89%, í Noregi 90% og í Svíþjóð 93%. Hér á landi notuðu nær allir háskólamenntaðir einstaklingar internet að staðaldri árið 2005 eða 96% (mynd 7).

Mynd 7. Einstaklingar sem nota internet að staðaldri eftir menntun 2005

Figure 7. Individuals' regular use of the Internet by education 2005



Skýring Notes: Með notkun að staðaldri er átt við notkun internets a.m.k. einu sinni í viku. Regular use means at least once a week.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Stafræn aðgreining með tilliti til menntunar minni hér á landi

Með tilliti til menntunar er stafræn aðgreining því minni á Íslandi en innan Evrópu-sambandsins. Þannig munaði 25 prósentustigum á reglubundinni internetnotkun háskólamenntaðra einstaklinga og einstaklinga með stystu skólagönguna hér á landi árið 2005 en í Evrópusambandinu var munurinn 49 prósentustig á sama tíma. Í *Statistics in focus 38/2005*, sem gefið er út af Eurostat, er vakin athygli á því að þrátt fyrir almenna fjölgun netnotenda í Evrópu á síðastliðnum árum hafi þeir hópar sem sterkastir voru fyrir styrkt enn frekar stöðu sína og því sé enn töluverður munur milli einstaklinga meðal annars eftir menntun. Hvað Íslendinga varðar er það hins vegar svo að kannanir frá 2002 hafa sýnt að nær allir háskólamenntaðir einstaklingar og mikill meirihluti einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám nota internet og því mælist fjölgun nýrra netnotenda hér á landi nær eingöngu meðal einstaklinga með stystu skólagönguna.

Tilgangur internetnotkunar einstaklinga

Flestir nota internet til að eiga samskipti við aðra og leita að upplýsingum

Lang algengast er að Evrópubúar noti internetið til að senda og taka á móti tölvupósti en árið 2005 notuðu um og yfir níu af hverjum tíu netnotendum í Hollandi, Lúxemborg, Danmörku og Íslandi internet fyrir tölvupóst. Sjaldgæfast var að grískir netnotendur sendu póst um internet eða 62% netnotenda. Að meðaltali notuðu þrír af hverjum fjórum netnotendum í aðildarlöndum Evrópu-sambandsins internetið til að leita upplýsinga um vörur og þjónustu. Hér á landi var hlutfallið nokkru hærra eða 85%. Minnst var um að pólskir netnotendur leituðu sér upplýsinga um vörur og þjónustu með hjálp miðilisins eða 51% (sjá nánar í töflu 5).

Algengast að Finnar, Norðmenn, Eistar og Íslendingar noti heimabanka

Um þrír af hverjum fjórum netnotendum í Finnlandi, Noregi, Eistlandi og á Íslandi stunda almenn bankaviðskipti um internet. Að meðaltali notar þriðji hver netnotandi í aðildarlöndum Evrópusambandsins heimabanka. Einungis 6% grískra netnotenda nýttu sér miðilinn til bankaviðskipta árið 2005 (sjá nánar í töflu 5).

Íslendingar fyrir neðan meðaltal í að hlaða niður myndum, tónlist og leikjum af interneti

Á meðan þriðji hver íslenskur netnotandi hlóð niður leikjum, myndum eða tónlist af interneti árið 2005 notaði um helmingur netnotenda í Litháen, Slóveníu, á Kýpur og í Lettlandi internet til að sækja sér leiki, myndir eða tónlist. Að meðaltali hlóðu 37% netnotenda í aðildarlöndum Evrópusambandsins niður leikjum, myndum eða tónlist af interneti árið 2005 (sjá nánar í töflu 5).

Eistar, Íslendingar og Norðmenn lesa mest á interneti

Algengast er að eistneskir, íslenskir og norskir netnotendur lesi rafrænar útgáfur dagblaða og tímarita. Þannig höfðu þrír af hverjum fjórum netnotendum í þessum þremur löndum notað internet til að lesa dagblöð og tímarit árið 2005. Í Danmörku, Ungverjalandi, á Kýpur og í Svíþjóð hafði um helmingur netnotenda lesið dagblöð eða tímarit á interneti en minnst var um lestur rafrænna dagblaða og tímarita í Belgíu eða 22% (sjá nánar í töflu 5).

Þrátt fyrir útbreidda netnotkun kaupa Íslendingar fremur lítið um internet


Þó svo að notkun internets meðal Evrópubúa á aldrinum 16–74 ára sé útbreiddust hér á landi er ekki sömu sögu að segja af netviðskiptum. Árið 2005 pantaði ríflega fjórði hver Íslendingur vörur eða þjónustu um internet. Þetta sama ár pantaði hins vegar þriðji hver íbúi Bretlands og Þýskalands um internet þrátt fyrir að þar noti töluvert færri internet eða um 65–66% á móti 86% hér á landi (sjá nánar í töflu 6).

Kaup um internet algengari meðal netnotenda í Evrópu-sambandinu en meðal íslenskra netnotenda

Að meðaltali hafði þriðji hver netnotandi í aðildarlöndum Evrópusambandsins keypt vörur eða þjónustu um internet árið 2005. Algengast var að breskir (54%) og þýskir (50%) netnotendur hefðu keypt um internet það ár, því næst netnotendur í Svíþjóð (45%), Lúxemborg (45%), Finnlandi (45%) og Noregi (44%). Hlutfall hollenskra, austurrískra, íslenskra, írskra og danskra netnotenda sem höfðu keypt um internet árið 2005 lá á bilinu 31–34% (mynd 8).

Mynd 8. Kaup einstaklinga um internet 2005

Figure 8. Individuals' e-commerce 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. Data from year 2004.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Rafræn þjónusta hins opinbera

Mæling á framboði opinberrar þjónustu um internet

Fyrirtækið Capgemini gerði fyrir tilstilli Evrópusambandsins í október 2004 fimmtu úttekt sína á 20 þjónustuliðum sem fallið geta undir opinbera þjónustu¹. Úttektin var gerð í löndum Evrópusambandsins, Íslandi, Noregi og Sviss. Sextán þessara tuttugu þjónustuliða snúa að einstaklingum en átta eiga við þjónustu við fyrirtæki. Við samanburð milli landa voru löndunum gefin stig eftir því hvort þjónustan var í boði á rafrænan máta og hversu þróuð hún var. Tölur fyrir hvert land segja því til um hversu stórt hlutfall þessara 20 þjónustuliða er að meðaltali hægt að nálgast á rafrænan máta. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður yfir stöðu mála í 18 Evrópulöndum.

Mest um gagnvirka opinbera þjónustu í Svíþjóð


Samkvæmt skýrslu Capgemini er þjónusta sem snýr að fyrirtækjum almennt lengra á veg komin en þjónusta sem snýr að einstaklingum. Í heildina var gagnvirk þjónusta hins opinbera lengst komin í Svíþjóð (74%) og Austurríki (72%) í október árið 2004. Af Norðurlöndunum var gagnvirk þjónusta hins opinbera skemmst á veg komin hér á landi eða 50% á meðan hún náði 56% í Noregi, 58% í Danmörku og

¹ Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins/Capgemini (2005, mars). *Online Availability of Public Services. How is Europe progressing?* Skýrsluna má nálgast í heild sinni á vefsíðunni www.capgemini.com.

67% í Finnlandi. Af þessum 18 Evrópulöndum var minnst um gagnvirka opinbera þjónustu um internet í Sviss eða 6% (mynd 9).

Mynd 9. Framboð gagnvirkar opinberrar þjónustu um internet 2004

Figure 9. Public services fully available online 2004



Heimild **Source:** Evrópusambandið/Capgemini: *Online Availability of Public Services. How is Europe progressing?* Mars 2005. EU commission/Capgemini: *Online Availability of Public Services. How is Europe progressing?* March 2005.


Samskipti við hið opinbera um internet nokkuð algeng á Norðurlöndum

Um sex af hverjum tíu netnotendum í Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi og ríflega helmingur netnotenda í Danmörku, Lúxemborg og Hollandi höfðu leitað upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila árið 2005. Hlutfall netnotenda í þessum löndum, sem höfðu sótt sér eyðublöð af vefsíðum opinberra aðila um internet þetta ár, lá á bilinu 22–46%. Að meðaltali höfðu 21% netnotenda í aðildarlöndum Evrópusambandsins notað internet til að nálgast opinber eyðublöð. Árið 2005 var hlutfall netnotenda sem sent höfðu inn eyðublöð til opinberra aðila á rafrænan máta hæst í Lúxemborg (27%), Svíþjóð (26%) og á Íslandi¹ (23%) (mynd 10).

¹ Hér á landi lauk úthringingum áður en ríkisskattstjóri opnaði fyrir vefskil skattframtals árið 2005. Skv. upplýsingum frá ríkisskattstjóra var níu af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga skilað inn á rafrænu formi árið 2005.

Mynd 10. Samskipti einstaklinga við hið opinbera um internet 2005

Figure 10. Individuals' interaction with public authorities via Internet 2005



Skýring Notes: (1) Tölur frá árinu 2004. *Data from year 2004.*

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>) og Hagstofa Íslands. *Eurostat, December 2005 and Statistics Iceland.*

English Summary

In the year 2005, the prevalence of an Internet connection at home was most widespread in Iceland compared with other European households. That year around half of the households within the EU had access to the Internet whereas 84% of Icelandic households had access to the Internet. In the first quarter of the year 2005 88% of the Icelandic population in the age of 16–74 years had used the Internet during the three months preceding the interview. At the same time 52% of EU citizens were Internet users.

The *digital divide* or the gap between those, who have access to the Information communication technology and those, who do not, is smaller in Iceland than in the EU. Nevertheless in Iceland as well as in the EU age and education are the most important determinants in the use of the Internet among individuals.

This article discusses the access and use of computers and the Internet within European households and among Europeans. Most of the data was compiled from Eurostat's database <http://europa.eu.int/comm/eurostat>, which is freely accessible for everybody. Another main source was the publication *Nordic Information Society Statistics 2005*, which was released in December 2005 by the Nordic Council of Ministers in a collaboration with the Nordic statistical institutes.

Merking tákna í töflum *Symbols used within tables*

- núll, þ.e. ekkert *nil*
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk *information not available or results not statistically significant*
- (1) tölur eru frá árinu 2004 *data from year 2004*

Tafla 1. Hlutfall heimila með tölvu og tengingu við internet 2005Table 1. *Households with a computer and an Internet access 2005*

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölva <i>Computer</i>	Internettenging <i>Internet access</i>
Austurríki <i>Austria</i>	63	47
Belgía <i>Belgium</i>	...	50
Bretland <i>United Kingdom</i>	70	60
Búlgaría <i>Bulgaria</i> (1)	15	10
Danmörk <i>Denmark</i>	84	75
Eistland <i>Estonia</i>	43	39
ES 25 <i>EU 25</i>	58	49
Finnland <i>Finland</i>	64	54
Frakkland <i>France</i> (1)	50	34
Grikkland <i>Greece</i>	33	22
Holland <i>Netherlands</i>	78	78
Írland <i>Ireland</i> (1)	46	40
Ísland <i>Iceland</i>	89	84
Ítalía <i>Italy</i>	46	39
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	46	32
Lettland <i>Latvia</i>	30	42
Litháen <i>Lithuania</i>	32	16
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	87	77
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i> (1)	30	11
Noregur <i>Norway</i>	74	64
Portúgal <i>Portugal</i>	42	31
Pólland <i>Poland</i>	40	30
Rúmenía <i>Rumania</i> (1)	12	6
Slóvakía <i>Slovakia</i>	47	23
Slóvenía <i>Slovenia</i>	61	48
Spánn <i>Spain</i>	55	36
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	80	73
Tékkland <i>Czech Republic</i>	30	19
Tyrkland <i>Turkey</i> (1)	10	7
Ungverjaland <i>Hungary</i>	42	22
býskaland <i>Germany</i>	70	62

Heimild *Source:* Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. *Eurostat, December 2005* (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), *Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.*

Tafla 2. Heimili með háhraðatengingar 2005

Table 2. Households with broadband access 2005

Hlutfall <i>Percent</i>	Hlutfall allra heimila <i>Percent of all households</i>	Hlutfall nettengdra heimila <i>Percent of households with Internet access</i>
Austurríki <i>Austria</i>	23	50
Belgía <i>Belgium</i>	41	81
Bretland <i>United Kingdom</i>	32	52
Búlgaría <i>Bulgaria</i> (1)	4	39
Danmörk <i>Denmark</i>	51	...
Eistland <i>Estonia</i>	30	77
ES 25 <i>EU 25</i>	23	46
Finnland <i>Finland</i>	36	67
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	1	3
Holland <i>Netherlands</i>	54	69
Írland <i>Ireland</i> (1)	3	7
Ísland <i>Iceland</i>	63	75
Ítalía <i>Italy</i>	13	34
Króaía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	4	14
Lettland <i>Latvia</i>	13	30
Litháen <i>Lithuania</i>	12	73
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	39	51
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Noregur <i>Norway</i>	41	...
Portúgal <i>Portugal</i>	20	63
Pólland <i>Poland</i>	16	51
Rúmenía <i>Rumania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	7	31
Slóvenía <i>Slovenia</i>	19	40
Spánn <i>Spain</i>	21	58
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	40	55
Tékkland <i>Czech Republic</i>	5	27
Tyrkland <i>Turkey</i> (1)	–	3
Ungverjaland <i>Hungary</i>	11	49
Þýskaland <i>Germany</i>	23	38

Heimild *Source:* Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005 *Eurostat, December 2005* (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), *Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.*

Tafla 3. Hlutfall einstaklinga sem nota tölvu eða internet 2004 og 2005Table 3. *Individuals' use of a computer and the Internet 2004 and 2005*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Notkun tölvu <i>Computer use</i>		Notkun internets <i>Internet use</i>	
	2004	2005	2004	2005
Austurríki <i>Austria</i>	60	63	52	55
Belgía <i>Belgium</i>	58
Bretland <i>United Kingdom</i>	69	72	63	66
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	23	...	16	...
Danmörk <i>Denmark</i>	81	...	76	77
Eistland <i>Estonia</i>	53	60	50	59
ES 25 <i>EU 25</i>	55	59	47	52
Finnland <i>Finland</i>	75	76	70	73
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	26	29	20	22
Holland <i>Netherlands</i>	...	83	69	79
Írland <i>Ireland</i>	41	...	34	...
Ísland <i>Iceland</i>	85	88	82	86
Ítalía <i>Italy</i>	39	41	31	34
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	42	41	32	31
Lettland <i>Latvia</i>	41	47	33	42
Litháen <i>Lithuania</i>	37	42	29	34
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	74	77	65	69
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	31	...	21	...
Noregur <i>Norway</i>	79	...	75	80
Portúgal <i>Portugal</i>	37	40	29	32
Pólland <i>Poland</i>	40	45	29	35
Rúmenía <i>Rumania</i>	16	...	12	...
Slóvakía <i>Slovakia</i>	58	63	46	50
Slóvenía <i>Slovenia</i>	48	52	37	47
Spánn <i>Spain</i>	49	...	40	...
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	86	84	82	81
Tékkland <i>Czech Republic</i>	42	42	32	32
Tyrkland <i>Turkey</i>	17	...	13	...
Ungverjaland <i>Hungary</i>	42	42	28	...
Þýskaland <i>Germany</i>	70	73	61	65

Skýring Notes: Einstaklingar sem notuðu tölvu eða internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. *Individuals using computer and/or the Internet in a three months period prior to the survey*

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005 Eurostat, December 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

Tafla 4. Einstaklingar sem nota internet að staðaldri eftir kyni, aldri og menntun 2005

Table 4. Regular users of the Internet by gender, age and education 2005

Hlutfall heildarmannfjölda					
Percent of population					
	Allir	Karlar	Konur	16–24 ára	25–34 ára
	All	Men	Women	16–24 years	25–34 years
Austurríki <i>Austria</i>	49	54	43	74	68
Belgía <i>Belgium</i>	53	58	48	76	68
Bretland <i>United Kingdom</i>	54	61	47	74	68
Búlgaría <i>Bulgaria</i> (1)	13	15	12	33	20
Danmörk <i>Denmark</i>	73	75	71	90	88
Eistland <i>Estonia</i>	54	57	51	83	62
ES 25 <i>EU 25</i>	43	48	38	68	57
Finnland <i>Finland</i>	62	64	60	78	83
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	18	22	15	37	30
Holland <i>Netherlands</i>	74	79	68	92	89
Írland <i>Ireland</i> (1)	27	28	26	35	36
Ísland <i>Iceland</i>	81	82	79	94	95
Ítalía <i>Italy</i>	28	34	23	51	42
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	26	28	24	49	40
Lettland <i>Latvia</i>	36	37	36	75	51
Litháen <i>Lithuania</i>	30	30	29	65	38
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	63	76	51	83	68
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i> (1)	15	20	10	36	16
Noregur <i>Norway</i>	74	80	67	90	86
Portúgal <i>Portugal</i>	28	31	25	62	40
Pólland <i>Poland</i>	29	31	28	62	38
Rúmenía <i>Rumania</i> (1)	10	11	9	23	12
Slóvakía <i>Slovakia</i>	43	47	39	68	50
Slóvenía <i>Slovenia</i>	40	42	39
Spánn <i>Spain</i>	35	40	30	62	52
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	76	80	72	93	90
Tékkland <i>Czech Republic</i>	26	29	23	51	33
Tyrkland <i>Turkey</i> (1)	11	16	6	22	14
Ungverjaland <i>Hungary</i>	34	34	33	55	39
Þýskaland <i>Germany</i>	54	62	47	81	77

Skýring Notes: Með notkun að staðaldri er átt við að viðkomandi hafi notað internet að jafnaði a.m.k. einu sinni í viku á undangengnum þremur mánuðum. Regular use is at least once a week during a three months period prior to the survey.

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. Eurostat, December 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.

35–44 ára <i>35–44 years</i>	45–54 ára <i>45–54 years</i>	55–64 ára <i>55–64 years</i>	65–74 ára <i>65–74 years</i>	Lokið skyldunámi <i>Primary education</i>	Stúdent eða iðnnám <i>Secondary education</i>	Nám á háskólastigi <i>Tertiary education</i>
57	45	23	7	28	51	75
62	52	33	10	34	56	79
62	51	37	20	22	58	76
13	9	3	1	5	11	32
85	76	58	27	60	73	89
66	53	28	...	44	49	69
50	39	26	10	23	47	72
75	65	45	13	46	60	85
...
21	13	6	1	4	23	50
83	73	55	29	53	81	92
33	24	12	4	11	30	52
89	78	61	36	71	82	96
35	25	12	...	11	44	66
...
25	18	7	3	10	23	57
36	26	12	3	23	32	67
28	22	8	2	25	20	61
72	66	52	23	47	69	88
...
14	11	15	38
90	74	55	22	43	72	90
29	18	8	...	13	70	79
28	19	11	2	26	23	64
10	7	2	...	–	8	44
46	45	14	1	20	47	74
...	40	...
38	25	14	3	13	50	69
...
86	77	68	26	63	71	93
32	25	12	...	20	22	66
9	5	1	–	3	25	53
42	35	17	5	10	46	75
64	52	37	16	46	54	69

Tafla 5. Tilgangur internetnotkunar einstaklinga 2005

Table 5. Purpose of individuals' use of the Internet 2005

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Heimabanki/ fjármálaþjónusta <i>For financial services (Internet banking, share purch.)</i>	Samskipti með tölvupósti <i>For sending/ receiving e-mail</i>	Til að leika eða ná í leiki/ tónlist/myndir <i>For playing/ downloading games and music</i>	Leita upplýsinga um vörur og þjónustu <i>For finding information about goods and services</i>	Til að lesa eða ná í dagblöð eða tímarit <i>For reading/ downloading online news- papers/news magaz.</i>
Austurríki <i>Austria</i>	40	87	25	75	38
Belgía <i>Belgium</i>	41	85	29	75	22
Bretland <i>United Kingdom</i>	41	85	35	86	36
Búlgaría <i>Bulgaria</i>
Danmörk <i>Denmark</i>	63	90	27	81	50
Eistland <i>Estonia</i>	75	82	41	70	77
ES 25 <i>EU 25</i>	36	81	37	75	...
Finnland <i>Finland</i>	77	86	31	86	56
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	6	62	38	74	40
Holland <i>Netherlands</i>	63	92	47	88	37
Írland <i>Ireland</i>
Ísland <i>Iceland</i>	71	88	33	85	76
Ítalía <i>Italy</i>	23	79	31	63	38
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	18	75	50	79	48
Lettland <i>Latvia</i>	37	79	49	65	57
Litháen <i>Lithuania</i>	30	74	51	63	70
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	54	91	43	88	43
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Noregur <i>Norway</i>	77	85	32	84	75
Portúgal <i>Portugal</i>	26	81	44	81	51
Pólland <i>Poland</i>	17	69	34	51	36
Rúmenía <i>Rumania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	20	84	32	60	46
Slóvenía <i>Slovenia</i>	25	77	51	77	43
Spánn <i>Spain</i>	31	76	46	75	...
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	62	83	39	86	48
Tékkland <i>Czech Republic</i>	16	84	28	61	36
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	16	85	45	68	49
Þýskaland <i>Germany</i>

Heimild *Source:* Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. *Eurostat, December 2005* (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), *Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.*

Tafla 6. Kaup einstaklinga um internet 2005Table 6. *Individuals having ordered/bought goods or services over the Internet 2005*

	Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>
Austurríki <i>Austria</i>	19	34
Belgía <i>Belgium</i>	11	20
Bretland <i>United Kingdom</i>	36	54
Búlgaría <i>Bulgaria</i> (1)	1	3
Danmörk <i>Denmark</i>	...	31
Eistland <i>Estonia</i>	4	7
ES 25 <i>EU 25</i>	17	34
Finnland <i>Finland</i>	25	45
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	2	8
Holland <i>Netherlands</i> (1)	24	34
Írland <i>Ireland</i> (1)	10	31
Ísland <i>Iceland</i>	28	32
Ítalía <i>Italy</i>	4	11
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	4	13
Lettland <i>Latvia</i>	3	7
Litháen <i>Lithuania</i>	1	4
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	31	45
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i> (1)	1	4
Noregur <i>Norway</i>	...	44
Portúgal <i>Portugal</i>	4	11
Pólland <i>Poland</i>	5	15
Rúmenía <i>Rumania</i> (1)	–	2
Slóvakía <i>Slovakia</i>	6	11
Slóvenía <i>Slovenia</i>	8	18
Spánn <i>Spain</i>	8	18
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	36	45
Tékkland <i>Czech Republic</i>	3	9
Tyrkland <i>Turkey</i> (1)	–	3
Ungverjaland <i>Hungary</i>	5	14
Þýskaland <i>Germany</i>	32	50

SKÝRING Notes: Einstaklingar sem pöntuðu eða keyptu vörur eða þjónustu um internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. *Individuals ordering/buying goods or services over the Internet in a three months period prior to the survey*

Heimild Source: Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005. *Eurostat, December 2005 (http://europa.eu.int/comm/eurostat), Nordic Information Society Statistics 2005 and Statistics Iceland.*

Tafla 7. Samskipti einstaklinga við hið opinbera um internet 2005Table 7. *Individuals' interaction with public authorities via Internet 2005*

	Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>			Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>		
	Leita upplýsinga á vefsíðu(m) opinberra aðila <i>For obtaining information from public authorities websites</i>	Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum <i>For downloading official forms</i>	Senda inn eyðublöð til opinberra aðila <i>For sending filled in forms</i>	Ná í upplýsingar á vefsíðu(m) opinberra aðila <i>For obtaining information from public authorities websites</i>	Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum <i>For downloading official forms</i>	Senda inn eyðublöð til opinberra aðila <i>For sending filled in forms</i>
Austurríki <i>Austria</i>	25	11	12	45	20	22
Belgía <i>Belgium</i>	16	8	4	28	13	8
Bretland <i>United Kingdom</i>	22	7	5	33	11	7
Búlgaría <i>Bulgaria</i> (1)	4	3	3	24	21	16
Danmörk <i>Denmark</i> (1)	43	16	14	56	22	18
Eistland <i>Estonia</i>	29	18	17	49	30	28
ES 25 <i>EU 25</i>	19	10	...	40	21	...
Finnland <i>Finland</i>	45	22	11	61	30	15
Frakkland <i>France</i>
Grikkland <i>Greece</i>	5	2	3	21	8	14
Holland <i>Netherlands</i>	41	22	...	52	28	...
Írland <i>Ireland</i> (1)	11	9	6	34	26	19
Ísland <i>Iceland</i>	50	29	20	59	34	23
Ítalía <i>Italy</i>	13	9	4	39	27	11
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	11	5	2	35	15	6
Lettland <i>Latvia</i>	12	5	5	29	12	12
Litháen <i>Lithuania</i>	11	7	6	33	19	16
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	38	32	19	55	46	27
Malta <i>Malta</i>
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i> (1)	2	2	1	10	9	5
Noregur <i>Norway</i> (1)	37	18	9	50	24	11
Portúgal <i>Portugal</i>	12	8	9	37	26	28
Pólland <i>Poland</i>	11	6	3	31	16	7
Rúmenía <i>Rumania</i> (1)	3	1	1	20	6	9
Slóvakía <i>Slovakia</i>	24	14	7	47	27	13
Slóvenía <i>Slovenia</i>	18	10	...	38	20	...
Spánn <i>Spain</i>	23	13	6	51	28	13
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	49	31	21	60	38	26
Tékkland <i>Czech Republic</i>	3	2	1	10	7	4
Tyrkland <i>Turkey</i> (1)	6	3	1	43	21	10
Ungverjaland <i>Hungary</i>	15	12	7	41	33	20
Þýskaland <i>Germany</i> (1)	31	14	7	51	22	11

Skýring *Notes:* Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. *Use of the Internet for private purposes in a period of three months prior to the survey.*

Heimild *Source:* Eurostat, desember 2005 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>) og Hagstofa Íslands. *Eurostat, December 2005* (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>) and *Statistics Iceland.*

Tafla 8. Framboð á opinberri þjónustu um internet 2004Table 8. *Online availability of public services 2004*

	Opinber þjónusta um internet <i>Public services available online</i>	Gagnvirk afgreiðsla opinberra mála um internet <i>Full electronic case handling online</i>
Austurríki <i>Austria</i>	87	72
Belgía <i>Belgium</i>	67	35
Bretland <i>United Kingdom</i>	84	59
Danmörk <i>Denmark</i>	81	58
Finnland <i>Finland</i>	83	67
Frakkland <i>France</i>	74	50
Grikkland <i>Greece</i>	61	32
Holland <i>Netherlands</i>	70	32
Írland <i>Ireland</i>	84	50
Ísland <i>Iceland</i>	76	50
Ítalía <i>Italy</i>	72	53
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	53	20
Noregur <i>Norway</i>	82	56
Portúgal <i>Portugal</i>	68	40
Spánn <i>Spain</i>	73	55
Sviss <i>Switzerland</i>	60	6
Svíþjóð <i>Sweden</i>	89	74
Þýskaland <i>Germany</i>	66	47

Heimild Source: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins/Capgemini: *Online Availability of Public Services. How is Europe progressing?* Mars 2005. EU commission/Capgemini: *Online Availability of Public Services. How is Europe progressing?* March 2005.

Hagtiðindi **Upplýsingatækni**
Statistical Series **Information technology**

91. árgangur nr. 1

ISSN 0019-1078

2006:1

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • gudfinna.hardardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series